

S K Ý R S L A
R Í K I S E N D U R S K O Ð U N A R
um kaup ríkisins á fasteign
að Laugavegi 162 fyrir
ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Júlí 1988

E F N I S Y F I R L I T

1. Inngangur	2
2. Niðurstöður	4
3. Húsnæðisþörf Þjóðskjalasafnsins	5
4. Fasteignin Laugavegur 162	7
5. Kaupverð fasteignar að Laugavegi 162	8
6. Núverandi nýting húsnæðis að Laugavegi 162	11
7. Heimildir til húsakaupanna	12
8. Forræði á eigininni að Laugavegi 162	13
9. Áætlanir stjórnar Þjóðskjalasafns um endurbætur	14

INNGANGUR:

Árið 1985 samþykkti Alþingi lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1975. Í 4. grein nefndra laga er kveðið á um að hlutverk þess sé m.a.

að heimta inn og varðveita skjöl þeirra aðila sem eru afhendingarskyldir skv. 5. gr. laganna,

að líta eftir skjalasöfnun afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf, gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuskráningu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar,

að gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir fólk sem á að annast skjalavörslu í opinberum stofnunum, svo sem með námskeiðum og leiðbeiningarritum,

að skrásetja varðveitt skjalasöfn og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar um notkun þeirra,

að koma upp handbókasafni um skjalfræðileg og sagnfræðileg efni,

að líta eftir starfsemi héraðsskjalasafna og annarra skjalavörslustofnana sem varðveita opinber skjöl,

að leiðbeina safngestum um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins, vísa safngestum á heimildir eftir því sem kostur er, efla þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum á henni,

að halda opnum lestrarsal fyrir almenning þar sem unnt sé að sinna fræðistörfum og færa sér í nyt varðveitt skjöl og aðrar heimildir safnsins,

að safna öðrum skráðum heimildum þjóðarsögunnar innanlands og utan, þ.á.m. ljósritum og öðrum afritum ef frumheimilda er eigi kostur, og stuðla að varðveislu þeirra,

að reka viðgerðar- og bókbandsstofu og taka í þjónustu safnsins þá tækni sem á hverjum tíma telst æskileg til þess að fullkomna starfsemi þess.

Hér er um að ræða verulegt þjónustuhlutverk, sem hlýtur að krefjast töluverðs húsrýmis, m.a. fyrir eftirlitsstarfsemi, fræðslustarfsemi, skrásetningu, handbókasafn, lestrarsal, heimildasöfnun og viðgerðar- og bókbandsstofu.

Áætluð lágmarkspörf Þjóðskjalasafns Íslands fyrir húsnæði nú, miðað við að farið verði að lögum um innheimtu og varðveislu skjala og aðra lögbundna þjónustu, er á bilinu 6 til 9 þús m² og skiptist þannig:

Geymsluhúsnæði	5.000 - 7.000 m ²
Annað húsnæði	<u>1.250</u> - <u>1.750</u> m ²

Samtals

6.250 - 8.750 m²

Sett hefur verið fram sý lauslega viðmiðun að 80% af þörfum safnsins sé fyrir geymslu og 20% fyrir aðra starfsemi.

Í desember 1985 festi ríkið kaup á fasteigninni Laugavegur 162 undir Þjóðskjalasafn, en áður hafði húsnæðis verið nýtt undir starfsemi Mjólkurstöðvarinnar, bæði verksmiðjurekstur og skrifstofuhald.

Ljóst er að rekstur Þjóðskjalasafns í fyrrum mjólkurvöruverksmiðju kallar á verulegar breytingar og endurbætur á húsnæðinu og munu þær kosta umtalsverða fjármuni.

Ekki hafa slíkar breytingar átt sér stað svo nokkru nemi, enda hefur Þjóðskjalasafnið ekki flutt nema hluta af starfsemi sinni í húsnæðið. Aðrir hlutar hins keypta húsnæðis eru enn ýmist ónotaðir eða leigðir undir starfsemi, sem ýmist tengist Þjóðskjalasafni að einhverju leyti eða alls ekki.

Fjárveitingar til endurbóta hafa verið um 5 milljónir króna á ári árin 1987 og 1988.

Ríkisendurskoðun ákvað að athuga kaup á fasteigninni Laugavegur 162 til afnota fyrir Þjóðskjalasafnið. Er gerð grein fyrir þeirri athugun hér á eftir.

NIÐURSTÖÐUR:

Athugun Ríkisendurskoðunar bendir til þess að kaupin á húseigninni Laugavegur 162 hafi verið hagkvæmur kostur til lausnar á húsnæðismálum Þjóðskjalasafnsins m.v. að fullnægja eigi lögum um þjónustuhlutverk Þjóðskjalasafnsins nú og kaupverð hafi verið viðunandi miðað við efnislegt verðmæti húsanna. Þessi niðurstaða á að sjálfsögðu þó aðeins við að lokið verði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur til að hægt verði að nýta húsnæðið eins og til var ætlast.

Núverandi ástand í húsnæðismálum safnsins er óviðunandi og ekki í samræmi við lög um Þjóðskjalasafn.

Ríkisendurskoðun telur að leita hefði átt samþykki Alþingis fyrir kaupum á húsnæði til handa Þjóðskjalasafninu. Kaup ríkissjóðs á fasteigninni Laugavegur 162 fóru fram á vegum menntamálaráðuneytisins með samþykki þáverandi ríkisstjórnar. Kaup og sala fasteigna ríkissjóðs, er almennt í verkahring fjármálaráðuneytisins og telja verður óheppilegt að fagráðuneyti fái við slíkt.

Ríkisendurskoðun telur að þegar kaupin áttu sér stað hefði átt að liggja fyrir kostnaðaráætlun um endurbætur til að koma húsnæðinu í nothæft ástand fyrir Þjóðskjalasafnið og ennfremur áætlun um framkvæmdatíma.

Kostnaðaráætlun til að koma húsnæðinu að Laugavegi 162 í viðunandi ástand fyrir starfsemi Þjóðskjalasafnsins gerir ráð fyrir að heildarkostnaður við þá framkvæmd nemi eigi lægri fjárhæð en 220 milljónum króna, en væntanlega má skipta framkvæmdum í áfanga. Framlag ríkissjóðs til endurbóta á hinu keypta húsnæði síðustu tvö árin nemur alls 10 milljónum króna. Ljóst er að verði framlag á næstu árum til endurbóta á móta, mun það taka marga áratugi að gera húsnæðið notkunarhæft fyrir Þjóðskjalasafnið.

Geymsluhúsnæðið við Laugaveg 162 er enn að mestu óinnréttað, en samt hefur reynst nauðsynlegt að taka það undir geymslu til bráðabirgða, sem augljóslega er óhentugt og kostnaðarsamt.

Í Safnahúsinu er aðstaða til geymslu og vinnu óviðunandi og hefur verið það lengi. Einkum eru öryggismál þar í vafasömu ástandi.

Við Hesthál er leigt geymsluhúsnæði sem hægt er að rýma strax og aðrar geymslur verða tilbúnar og losa ríkissjóð undan greiðslu leigugjalda sem nema um 3,5 milljónum króna á ári

Ríkisendurskoðun telur að það sé ekki viðfangsefni stofnunar sem Þjóðskjalasafns að fara með framkvæmdir á jafn umfangsmiklu verkefni og endurbætur á húseigninni að Laugavegi

162 eru. Ríkissjóður hefur á sínum vegum að minnsta kosti tvær stofnanir, sem búa yfir sérþekkingu á þessu sviði og telja verður eðlilegt að fela þeim umsjón með svo viðamiklu verkefni sem þessu.

Það er skoðun Ríkisendurskoðunar að þegar húsnæði er keypt fyrir tiltekna stofnun en ekki séð fyrir að hún nýti það að öllu leyti í byrjun, sé það verkefni Fasteigna ríkissjóðs að fara með ráðstöfun slíks ónotaðs húsnæðis þar til hið keypta húsnæði verði tekið í notkun fyrir upphaflegt verkefni.

Ríkisendurskoðun lítur svo á að eins og nú er komið málum hafi skapast óviðunandi ástand. Talsverðum fjármunum hefur verið varið í kaup á húsnæði sem ekki þjónar enn þeim tilgangi sem ætlað var nema að hluta til og kemur því ekki að tilætluðum notum.

Ríkisendurskoðun telur brýnt að fyrir liggi áætlun um æskilegan framkvæmdatíma og hvort Alþingi vilji veita fjármunum til endurbótanna þannig að húsnæðið að Laugavegi 162 komist í notkun fyrir Þjóðskjalasafnið, og að þeir fjármunir sem nú þegar hafa verið lagðir til húsaþessa nýttist. Ef sá vilji er ekki fyrir hendi verði tekið til athugunar hvort leysa megi húsnæðisþarfir Þjóðskjalasafnsins með öðrum hætti. Húsnæðið að Laugavegi 162 mætti þá taka til annara nota fyrir ríkissjóð eða selja. Þá komi jafnframt til greina að fram fari endurskoðun á lögum um Þjóðskjalasafnið með tilliti til varðveislu gagna og þjónustuhlutverks þess og þar með sérstakra þarfa stofnana fyrir húsnæði.

HÚSNÆÐISÞÖRF ÞJÓÐSKJALASAFNSINS:

Gerð er rækileg grein fyrir húsnæðisþörf Þjóðskjalasafns í álitni stjórnskipaðrar nefndar frá árinu 1981. Nefnd þessi, sem skipuð var sérfróðum mönnum, komst að þeirri niðurstöðu að húsnæðisþörf safnsins til skjalageymslu væri slík að nauðsynlegt væri að innan fimm ára yrði því útvegað til bráðabirgða um 5.000 fermetra húsnæði til viðbótar núverandi húsnæði í Safnahúsinu.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Þjóðskjalasafn sem lagt var fyrir Alþingi á 107 löggjafarþingi 1984-1985 segir m.a. um húsnæðisþarfir safnsins.

„Nefndin leggur til að skilafrestur skjala verði lengdur úr 20 árum í 30, og mun það létta nokkuð á safninu á næstu árum. Þó er óhjákvæmilegt að mikið berist til safnsins á næstunni af skjölum frá árabílinu 1960-80, enda er vafalaust oft hagkvæmara fyrir ríkið að skjöl séu afhent þangað fremur fyrr en seinna. Gera má ráð fyrir að skjalaframleiðslan á þessu skeiði hafi verið nálægt 1.500 hillumetrar á ári eða 30.000 hillumetrar á öllu tímabilinu. Séu skjöl þessi

grisjuð um helming, á Þjóðskjalasafn von á 15.000 hillumetrum frá tímabilinu 1960-80, og mun varla taka öðru en gera þegar í stað ráðstafanir til að það geti tekið við því magni öllu.

Af þessu leiðir að búa þarf Þjóðskjalasafn undir að taka við 25.000 hillumetrum af skjölum sem orðin eru til fyrir 1980. Talið er að hver fermetri húsnæðis rúmi um 5-6 hillumetra skjala. Við teljum nú nauðsynlegt að Þjóðskjalasafni verði útvegað innan fimm ára 5.000 fermetra húsnæði til viðbótar við það húsrúm sem það hefur nú. Þetta húsnæði þarf að vera á einum stað í næsta nágrenni við núverandi húsnæði Þjóðskjalasafnsins því að óþolandi vinnufrekt og fyrirhafnarsamt er að láta safnið dreifast í geymsluhúsnæði víðs vegar um borgina.

Þetta yrði þó einungis bráðabirgðalausn. Á áratugunum 1980-2000 verða til um 40.000 hillumetrar skjala. Þennan skjalaförða verður unnt að grisja markvisst og skipuleggja ef tillögur nefndarinnar um það efni verði teknar til greina. En þótt takast kunni að eyða um 60% þessara skjala með grisjun verða enn eftir um 16.000 hillumetrar skjala sem safnið þarf að taka við snemma á næstu öld og krefjast um 3.000 fermetra húsrýmis. Því er nú þegar kominn tími til að huga að byggingu nýs húss fyrir safnið til frambúðar.

Álit þjóðskjalavarðar er, að þörfin samkvæmt greinargerðinni sé síst ofátluð og ef hugsað sé fyrir þörfum safnsins næstu ár eða fram til aldamóta dugi varla minna en 8.000 fermetra húsnæði. Ekki verður unnt að grisja skjölin í þeim mæli sem gert var ráð fyrir í nefndarálitinu. Nú liggur fyrir að 60% grisjun er óframkvæmanleg.

Geymslur í safnahúsinu, sem tekið var í notkun árið 1909, fylltust um 1930. Síðan hafa þau gögn, sem Þjóðskjalasafn á að varðveita lögum samkvæmt, hlaðist upp hjá ráðuneytum, embættum og stofnunum, hjá sveitarfélögum og annars staðar í mismunandi umhirðu, og margt hefur vafalaust glatast.

Alls eru skjalaskyldir aðilar um 1500 talsins og eru þá stofnanir eins og Landsbanki Íslands og Póstur og Sími taldar ein stofnun þrátt fyrir útibú."

FASTEIGNIN LAUGAVEGUR 162:

Húseignin sem Ríkissjóður keypti að Laugavegi 162 er um 8 þús m² sem skiptist þannig:

Hús 1:	1075 m ²	3358 m ³
Hús 2:	1800 m ²	6295 m ³
Hús 3:	434 m ²	1475 m ³
Hús 4:	4105 m ²	14723 m ³
Hús 10:	352 m ²	1104 m ³
Samtals	7766 m ²	26955 m ³

Fyrirhuguð nýting þeirra er sem hér segir:

Hús 1:	Kjallari: Sýningarsalur eða verslun	270 m ²
	1. hæð: Íbúðir húsvarðar og fræðim.	270 m ²
	2. hæð: Skrifstofur, bókasafn	270 m ²
	3. hæð: Skrifstofur, fundasalur	265 m ²
Hús 2:	1. hæð: Skjalageymsla	620 m ²
	2. hæð: Skjalageymsla	620 m ²
	3. hæð: Lesstofa, vinnuherb. fræðim.	560 m ²
Hús 3:	1. hæð: Gagnageymsla	434 m ²
Hús 4:	Kjallari: Skjalageymsla	1180 m ²
	1. hæð: Skjalageymsla	1180 m ²
	2. hæð: Skjalageymsla	1180 m ²
	3. hæð: Vinnustofur	565 m ²
Hús 10:	Til niðurrifs	352 m ²
Samtals		7766 m ²
	Flatarmál til skjala- og gagnageymslu	5214 m ²
	Flatarmál til annarra nota	2200 m ²
	Flatarmál til niðurrifs	352 m ²

Samkvæmt því sem rakið var í kaflanum um húsnæðisþörf hér að ofan sýnist gólfflatarmál ætlað til geymslu vera hæfilegt eða tæplega það. Flatarmál til annarra nota virðist vera ríflegt.

Húsnæðið hentar starfsemi safnsins nokkuð vel miðað við að það er ekki sérhannað fyrir þær þarfir.

Um einstakar byggingar gildir eftirfarandi:

Hús 1: Húsið hentar vel fyrir hvers kona skrifstofur, kennslustarfsemi og minni fundasali. Einnig mætti hafa þar tvær eða jafnvel fleiri íbúðir. Á jarðhæð

Laugavegsmegin (talið kjallari hér að ofan) var starfrækt verslun og hentar sú hæð vel til þess eða þá fyrir sýningar.

Hús 2: Efsta hæðin er heppileg fyrir lesstofu og vinnuherbergi fræðimanna og þarf tiltölulega litlu að breyta frá núverandi innréttingum til þess.

Tvær neðri hæðirnar eru ætlaðar til skjalageymslu og henta vel að því er varðar burðarþol og lofthæð. Sá galli er á neðstu hæð að þar er mikið um bita og súlur sem takmarka möguleika til nýtingar. Þessir sömu bitar og súlur gefa hins vegar efri hæðinni mikið burðarþol.

Hús 3: Hentar vel fyrir hvers konar geymslur.

Hús 4: Kjallari og 1. og 2. hæð hafa mikið burðarþol og myndu nýtast vel sem geymslur. Plötturnar milli hæða eru taldar þola venjulegt skjalageymsluálag. Galli er að í kjallara er lítil lofthæð þannig að hæð geymsluskápa er takmörkuð. Aftur á móti er mikil lofthæð á 1. hæð, sem þó nýtist ekki nema að takmörkuðu leyti, því ekki er talið óhætt að reikna með nema venjulegri nýtingu vegna burðarþols plötunnar.

Risið er ekki hentugt sem skjalageymsla, þótt vafalaust megi nota það að einhverju leyti til geymslu. Þar var m.a. á árum áður einhver vinsælasti danssalur bæjarins. Risið telst vel nothæft fyrir vinnustofur.

Hús 10: Óhentugt fyrir starfseminu og er ætlað til niðurrifs.

Að öllu samanlögðu má segja að húsin sem heild henti starfsemi safnsins allvel.

Hvað varðar geymsluhúsnæði munar mestu að burðarplötur 2. hæðar í húsi 2 og 1. og 2. hæðar í húsi 4 eru taldar þola venjulegt skjalageymsluálag, þ.e. 500 kg/m² meðalálag og 1000-1200 kg/m² hámarksálag, og er það óvenjulegt um hús á þessum aldri.

Hér er miðað við núverandi geymsluaðferðir. Væri verið að byggja hús að nýju mundi væntanlega verða krafist 1500 kg/m² burðargetu.

Annarri starfsemi safnsins virðist mega koma vel fyrir og á hagkvæmam hátt í húsunum.

Miðað við fyrirliggjandi þarfir má ætla að nokkurt umframhúsnæði verði fyrir skrifstofur og er hluti þess leigður út nú þegar.

KAUPVERÐ FASTEIGNAR AÐ LAUGAVEGI 162:

Kaupverð húsanna var 110 milljónir króna miðað við 1. júlí 1986 skv. kaupsamningi dags. 11. des. 1985.

Greiðsluskilmálar voru þeir að gefin voru út lánskjaravísitölutryggð skuldabréf fyrir allri upphæðinni. Helmingur bréfanna greiðist með 19 hálfárslegum afborgunum en helmingur þeirra með 13 hálfárslegum afborgunum. Vextir eru 3,5%

Áður en kaupin fóru fram var framkvæmt mat á verðmæti húseignarinnar að Laugavegi 162 var það sem hér segir:

Efnislegt verðmæti:	kr. 118.118.000
Áætlað markaðsverð:	kr. 117.042.000
Staðgreiðsluverð:	kr. 93.633.000

Gengi skuldabréfa er ríkissjóður gaf út í tengslum við húsakaup þessi voru seld af seljanda og var gengi þeirra um 86%, sem er jafnvirði um 80% af matsverði.

Samanburður við nýbyggingu

Í byggingu er á vegum ríkisins hús fyrir Þjóðarbókhlöðu, en starfsemi Þjóðarbókhlöðu er vissulega skyld starfsemi Þjóðskjalasafns. Taka skal fram að engan veginn er um sambærilegt mannvirki að ræða.

Samanburður á byggingarkostnaði Þjóðarbókhlöðu annars vegar og kaupverði, að viðbættum áætluðum kostnaði við endurbætur á Laugavegi 162 til nota fyrir Þjóðskjalasafn hins vegar ætti þó að gefa nokkra hugmynd um fjárhagslega hagkvæmni kosta.

Samkvæmt upplýsingum verkefnisstjóra við byggingu Þjóðarbókhlöðu frá júní 1987 er áorðinn og áætlaður byggingarkostnaður Þjóðarbókhlöðu á verðlagi í maí 1988 sem hér segir:

Áorðinn kostnaður	347 mkr.
Áætlaður kostnaður	745 mkr.
Samtals byggingarkostn.	<hr/> 1.092 mkr.
Flatarmál	12.773 m ²

Kostnaður pr. m² 85.493 kr.

Samanburðartölur um Laugaveg 162 fyrir starfsemi
Þjóðskjalasafns eru:

Framreiknað kaupverð	105 mkr.
Kostnaður 1986-1988	11 mkr.
Áætlaður viðbótarkostn.	227 mkr.
	<hr/>
Samtals byggingakostn.	343 mkr.
Flatarmál	7.414 m ²
Kostnaður pr. m ²	46.264 kr.

Samkvæmt framangreindu verður heildarkostnaður við Laugaveg 162 um 54% af byggingarkostnaði við Þjóðarbókhöllu miðað við hvern fermetra húsnæðis. Í báðum tilvikum er hér um að ræða heildarkostnað ásamt húsgögnum og lausum búnaði, svo og frágangi utanhúss.

Nú hefur reynslan sýnt, að byggingakostnaður hefur tilhneigingu til að fara fram úr áætlunum, ekki síst þegar um er að ræða áætlanir um viðgerðakostnað. Án þess að draga í efa réttmæti fyrirliggjandi áætlana er sett fram sú tilgáta að kostnaður við viðgerðir og endurbætur á Laugavegi 162 geti hugsanlega farið 50% fram úr áætlun. Við það mundi heildarkostnaður hækka um 53 milljónir króna og verða 396 milljónir króna eða 53.412 kr./m².

Heildarkostnaður yrði samt aðeins 62,5% af áætluðum byggingarkostnaði Þjóðarbókhöllu og er rétt að ítreka að einnig sá byggingarkostnaður er að meiri hluta byggður á áætlunum.

NÚVERANDI NÝTING HÚSNÆÐIS AÐ LAUGAVEGI 162:

Forráðamenn Þjóðskjalasafns hafa eftir því sem fjárveitingar hafa hrokkið til látið gera nauðsynlegar endurbætur á húsunum til að hægt væri smám saman að flytja starfsemi safnsins þangað. Einnig hefur safnið gert leigusamninga við nokkra aðila á vegum ríkisins, sem nú nýta hluta húsnæðisins. Sumir þeirra reka starfsemi tengda safninu (Iðnsaga Íslands, Tónlistarsaga Íslands), aðrir hafa óskylda starfsemi með höndum (Dómsmálaráðuneytið, Viðlagatrygging).

Í stórum dráttum er nú notkun bygginganna þessi:

Bygging 1:

- * Á efstu hæð eru skrifstofur Þjóðskjalasafns.
- * Á 2. hæð er Iðnsaga Íslands samkvæmt sérstökum samningi og Viðlagatrygging Íslands, sem leigir hálfu hæðina til fimm ára, 10 mánaða leiga gekk gegn innréttingum.
- * Dómsmálaráðuneytið leigir hálfu 1. hæð til 18 mánaða. Leiga 10 mánaða rann upp í hluta af kostnaði við innréttingar. Hinn hluti hæðarinnar er nýttur fyrir safnð.
- * Á jarðhæð er Skákskólinn um stundarsakir skv. ákvörðun menntamálaráðuneytisins, samningar eru ekki frágengnir.

Bygging 2:

- * Efsta hæð er í notkun safnsins nema lestrarsalur er ekki enn tilbúinn.
- * Safnið notar helming 2. hæðar, en suðurhlutann leigir Mjólkursamsalan (leigutekjur renna til Fasteigna ríkissjóðs).
- * Um helmingur 1. hæðar er notaður í bílapvottastöð fyrir ráðuneytin og geymslu fyrir Fasteignir ríkissjóðs, en hinn helmingurinn eru óinnréttaðar geymslur. Þær eru í notkun.

Bygging 3:

- * Leigð Mjólkursamsölunni (leigutekjur renna til Fasteigna ríkissjóðs).

Bygging 4:

- * Ris er óinnréttað.
- * 2. hæð: Um 1/4 hluti er innréttaður sem viðgerðarstofur. Skjalasafn Háskóla Íslands og Kvikmyndasafn Íslands nota um 1/5 hluta sem geymslur.
- * 1. hæð: Um 40% er óinnréttað geymsluhúsnæði, um 60% ónotað. Verið er að þrifa og ganga frá.
- * Kjallari er óinnréttaður og fullur af skjölum og munum frá ýmsum aðilum.

HEIMILDIR TIL HÚSAKAUPANNA:

Um kaup ríkisins á fasteignum fer eftir fjárlögum. Samkvæmt þeim er um tvo möguleika að ræða:

- a) beina fjárveitingu til ákveðinna kaupa,
- b) heimild í 6. grein fjárlaga um að kaupa ákveðnar fasteignir og fjármálaráðherra heimilað að taka nauðsynleg lán í því sambandi.

Meginreglan er að heimildir séu veittar fyrirfram. Í þeim undantekningartilvikum að svo sé ekki skal gera fyrirvara um samþykki Alþingis og þurfa slíkar fjárskuldbindingar samþykki fjármálaráðherra.

Kaup og sala fasteigna fellur almennt undir fjármálaráðuneytið og er óheppilegt að fagraðuneyti fái við slíkt.

Kaup ríkisins á fasteigninni Laugavegur 162 fóru fram á vegum menntamálaráðuneytisins. Formaður stjórnar Þjóðskjalasafns undirritaði kaupsamning hinn 11. desember 1985 í umboði menntamálaráðherra með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnarinnar.

Á ríkisstjórnarfundi hinn 17. des. 1985 var bókað undir lið 9 í fundargerð:

„Menntamálaráðherra óskaði heimildar til að undirrita samning um kaup á húsi Mjólkursamsölunnar við Laugaveg til afnota fyrir Þjóðskjalasafn. Heimild veitt.“

Fjármálaráðuneytið gekk síðan frá afsali hinn 30. desember 1985, þar sem eigninni er afsalað til ríkissjóðs.

FORRÆÐI Á EIGININNI AÐ LAUGAVEGI 162:

Eftir að kaupin voru gerð kom upp ágreiningur um forræði eignarinnar milli forráðamanna menntamálaráðuneytisins og Þjóðskjalasafns annars vegar og fjármálaráðuneytisins og Fasteigna ríkisins hins vegar.

Fjármálaráðuneytið leit svo á, að meðan Þjóðskjalasafn nýtti ekki alla húseignina fyrir starfsemi sína væri rétt og eðlilegt að fela Fasteignum ríkissjóðs umsjá hennar. Mætti þá nýta það húsnæði sem laust væri hverju sinni í þágu ríkisins, en ýmsar stofnanir á vegum ríkisins voru í húsnæðishraki. Í samræmi við þetta var Fasteignum ríkissjóðs ritað bréf og þeim falin umsjón, útleiga og viðhald eignarinnar.

Forráðamenn Þjóðskjalasafns og menntamálaráðuneytið litu hins vegar svo á að eignin væri alfarið Þjóðskjalasafns og ætti stjórn þess að ákveða hvernig hún yrði nýtt. Forráðamenn safnsins óttuðust, að ef farið yrði að leigja óviðkomandi stofnunum út hluta af húsnæðinu, yrði það ekki til taks þegar á þyrfti að halda. Eðlilegra væri að nýta umframhúsrými til starfsemi sem væri sem skyldust starfsemi safnsins.

Ágreiningi þessum var vísað til fjármálaráðherra og menntamálaráðherra.

Úrskurður fjármálaráðherra var á þá leið að Fasteignir ríkissjóðs skyldu hafa umsjón með eigninni og gera leigusamning við Þjóðskjalasafn um það húsnæði sem safnið hefði til afnota en úrskurður menntamálaráðherra var að stjórn Þjóðskjalasafns skyldi hafa forræði fyrir húseigninni.

Tilraunir til samkomulags í þessu máli hafa ekki borið árangur og stendur ágreiningurinn enn. Nauðsynlegt er að ráðherrar fjármála- og menntamála komist að sameiginlegri niðurstöðu í þessu máli.

ÁÆTLANIR STJÓRNAR ÞJÓÐSKJALASAFNS UM ENDURBÆTUR:

Stjórn safnsins gerði samþykkt um nýtingu húsnæðisins hinn 4. febrúar 1986 og réði arkitekt, til að gera áætlanir um framkvæmdir. Hann fór ásamt þjóðskjalaverði í kynnisför til Norðurlanda og Þýskalands í okt. 1987, sbr. skýrslu um þá ferð dags. á þorra 1988.

Hann hefur gert eftirtaldar áætlanir:

- framkvæmdaáætlun dags. 18. febrúar 1986
- kostnaðaráætlun dags. í apríl 1986
- endurskoðuð framkvæmda- og kostnaðaráætlun dags. 18. júní 1986
- greinargerð ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun, dags. í nóv. 1986
- endurskoðuð framkvæmda- og kostnaðaráætlun dags. 11. maí 1987

Eins og fram kemur í áætlunum var fyrirhugað af hálfu safnsins að haga framkvæmdum þannig að taka mætti húsin í notkun í áföngum á tímabilinu 1986 til 1990.

Bráðabirgðakostnaðaráætlun dags. 18. júní 1986 gerði ráð fyrir eftirfarandi kostnaði:

Árið 1986	kr.	2.000.000
Árið 1987	"	20.181.350
Árið 1988	"	42.354.500
Árið 1989	"	27.342.400
Árið 1990	"	11.763.350
Samtals	kr.	103.641.600

Rúmlega helmingur þessarar upphæðar, eða um 53 milljónir króna er ætlaður til kaupa á skjalaskápum. Ekki er reiknað með kostnaði vegna öryggisbúnaðar o.fl.. Miðað er við verðlag í júní 1986, byggingarvísitala 265.

Fjárveitingar til þessara framkvæmda hafa hins vegar ekki leyft þennan framkvæmdahraða en þær hafa verið sem hér segir:

Árið 1986	kr.	0
Árið 1987	"	5.000.000
Árið 1988	"	4.900.000

Þetta hefur leitt til þess að taka hefur þurft mikið af gögnum inn til skammtímageymslu, sem er óhagkvæmt.

Ríkisendurskoðun lét sérfróða aðila yfirfara áætlanir og skoða húsin með tilliti til burðarþols. Í framhaldi af því var endurskoðuð og endurgerð kostnaðaráætlun um endurbætur á húsnæðinu, bæði að utan og innan, svo og um lausan búnað. Endurskoðun þessi áætlar að heildarkostnaður nemi 227 milljónum

króna sem skiptist þannig: (Verðlag m.v. maí 1988.
Byggingarvísitala 358 stig).

Hús og mannvirki á lóð	85.000 þús. kr.
Raflagnir	21.875 þús. kr.
Skjalaskápar og laus búnaður	<u>120.000 þús. kr.</u>
Heildarkostnaður	226.875 þús. kr.
	=====

Helstu breytingar frá fyrri áætlunum, er að ekki er gert ráð fyrir að nýta efstu hæð húss nr. 4 sem skjalageymslu heldur sem vinnustað og ekki er gert ráð fyrir nema venjulegri nýtingu fyrir skjalageymslur á 1. hæð.